

Út fyrir rammann

Samkvæmt lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup (OIL) ber opinberum aðilum að bjóða út, með gagnsæjum hætti, innkaup vara, verka og þjónustu yfir tilteknum viðmiðunarfjárhæðum. Markmið laganna er fyrst og fremst að tryggja jafnræði fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. Ein leið til að bjóða út margvísleg innkaup opinberra aðila samtímis, er með gerð svonefndra rammásamninga, sem einn eða fleiri kaupendur gera við einn eða fleiri bjóðendur í þeim tilgangi að ákveða skilmála samninga sem gerðir verða á tilteknu tímabili. Hafa ber í huga að við gerð einstakra samninga um vörur, verk eða þjónustu á grundvelli rammásamnings er óheimilt að gera verulegar breytingar á skilmálum hans, enda getur slíkt leitt til þess að brugðist sé svo frá því sem stefnt var að með rammásamningnum, að slíkt gangi raunar beint gegn markmiði laganna, a.m.k. hvað jafnræði og virka samkeppni varðar. Séu skilmálar rammásamnings hins vegar að einhverju leyti óákveðnir skal fara fram örútbóð milli rammásamningshafa, sem er þá eins konar samkeppni milli seljenda innan viðkomandi rammásamnings um að bjóða kaupanda hagstæðustu kjörin.

Eins og margir þekkja getur almennt verið erfitt að henda reiður á öllum þeim atvikum sem upp geta komið á samningstíma og kalla á einhvers konar viðbótarverk eða þjónustu. Í opinberum innkaupum er þó sérstaklega mikilvægt, m.a. í ljósi tilgangs reglanna, að hugað sé vel að því hvenær um nauðsynleg auka- og viðbótarverk er að ræða sem samræmast skilmálum rammásamnings og hvenær slíkar viðbætur teljast komnar út fyrir skilmála hans, þannig að bjóða beri slík kaup út sérstaklega.

Þó getur verið heimilt að breyta samningi og rammásamningi án þess að hefja nýtt innkaupaverki, í afmörkuðum lögbundnum tilvikum, sbr. 90. gr. OIL. Í fyrsta lagi ef skilmálar um umfang og eðli slíkra breytinga hafa komið fram með skýrum hætti í endur-

skoðunarákvæðum rammásamnings. Í annan stað þegar um er að ræða viðbótarverk, -þjónustu eða -vörur sem ekki var gert ráð fyrir í umsömdum innkaupum og nauðsynlegt er, vegna ófyrirsjáanlegra atvika, að sami aðili sjái um, enda sé ekki unnt að skilja slíkt frá upphaflegum innkaupum án stórfelldra vandkvæða fyrir kaupanda vegna tæknilegra eða fjárhagslegra ástæðna. Í þriðja lagi þegar þörf fyrir breytingar kemur til vegna ófyrirsjáanlegra atvika sem kaupandi gat ekki séð fyrir. Í fjórða lagi ef breytingar verða á rekstrarfyrirkomulagi samningsaðila, s.s. vegna samruna eða yfirtöku, þar sem annað fyrirtæki, sem uppfyllir forsendur hæfismíðaðs vals, gengur inn í stöðu upphaflegs samningsaðila í heild eða hluta eða vegna þess að kaupandi tekur sjálfur við skyldum aðalverktaka gagnvart undirverktaka. Í fimmta lagi

þegar verðmæti breytinga er minna en nemur viðmiðunarfjárhæðum laganna, eða þegar verðmæti breytinga er minna en 10% af upphaflegu verðmæti þjónustu- og vörusamnings og 15% af upphaflegu verðmæti verksamnings. Hins vegar kemur framangreint ekki til skoðunar ef um er að ræða breytingar á eðli samnings eða rammásamnings í heild, s.s. ef

ný vöru- eða þjónustutegund er felld þar undir. Loks getur verið heimilt að breyta samningi í þeim tilvikum þegar breytingar, óháð verðmæti þeirra, eru ekki verulegar. Dæmi um verulegar breytingar er ef breyting hefði gert fleiri bjóðendum kleift að taka þátt í upphaflegu innkaupaverki hefði hún verið til staðar í upphafi, eða ef breytingin víkkar út gildissvið rammásamnings. Falli fyrirhugaðar breytingar ekki undir eitthvert framangreindra skilyrða, er nauðsynlegt að hefja nýtt innkaupaverki lögum samkvæmt.

Mikilvægt er að opinberir aðilar hugi vandlega að útboðsskilmálum og skilmálum rammásamninga í ljósi framangreinds. Það fellur svo að vissu leyti í skaut aðila á markaði, eftir því sem unnt er, að fylgjast með framfylgd hins opinbera á regluverkinu og geta þeir í ýmsum tilvikum leitað á náðir kærunefndar útboðsmála til þess að fá ólögætum ráðstöfunum hnekk.

” Við gerð einstakra samninga um vörur, verk eða þjónustu á grundvelli rammásamnings er óheimilt að gera verulegar breytingar á skilmálum hans.